



Akraneskaupstaður

# Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla

Uppbygging á húsnæði

*Skýrsla stýrihóps*

Apríl 2023

Akraneskaupstaður

Skipulags- og umhverfissvið

Velferðar- og mannréttindasvið

Akranesi 26. apríl 2023

**Fulltrúar í stýrihóp:**

Kristinn Sveinsson/Einar Brandsson

Einar Brandsson/Ragnar Sæmundsson

Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri hjá skipulags- og umhverfissviði

Svala Hreinsdóttir/Sveinborg L. Kristjánsdóttir/Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs

Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss og umsjónarmaður fasteigna

Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstað

Árni Jón Harðarson verk- og deildarstjóri Fjöliðjunnar

**ONE 2201071**

**Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

## **Efnisyfirlit**

Inngangur .....	1
Greinargerð vinnuhóps.....	2
Lokaorð.....	6
Fylgiskjöl.....	7

## Inngangur

Á fundi bæjarráðs þann 10. febrúar 2022 beindu skipulags- og umhverfisráð og velferðar- og mannréttindaráð því til bæjarráðs að stofnaður yrði vinnuhópur um uppbyggingu á húsnæði undir áhaldahús, Fjöliðju dósamóttöku og Búkollu nytjamarkað. Erindisbréf stýrihóps var samþykkt á þeim fundi. og átti hópurinn „að leggja fyrir tillögur á sameiginlegum fundi bæjarráðs, skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs ásamt öðrum hagsmunaðilum eigi síðar en 2. apríl 2022.“

Ennfremur voru markmið stýrihópsins skilgreind: „Markmið starfshópsins er að halda utanum innri hönnun í samvinnu með hönnuði vegna uppbyggingar á mannvirki sem hýsir áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta (þ.m.t. endurvinnslu) og starfsemi Búkollu.“

Kjörnir fulltrúar voru tilefndir

- Kristinn Sveinsson formaður
- Einar Brandsson

Eftir kosningar í maí urðu breytingar á kjörnum fulltrúum

- Einar Brandsson formaður
- Ragnar Sæmundsson

Sviðsstjórum skipulags- og umhverfissviðs og velferðar- og mannréttindasviðs var falið að skipa embættismenn í vinnuhópinn og voru eftirtaldir skipaðir:

- Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri hjá skipulags- og umhverfissviði
- Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss og umsjónarmaður fasteigna
- Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstað
- Árni Jón Harðarson verk- og deildarstjóri Fjöliðjunnar
- Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs

Á vinnutíma stýrihóps tóku nýir sviðstjórar velferðar- og mannréttindasviðs sæti í vinnuhópnum, fyrst Sveinborg L. Kristjánsdóttir og síðan Hildigunnur Árnadóttir.

Vinnuhópurinn hóf störf 4. mars 2022 og fundaði tíu sinnum auk þess áttu starfsmenn samráð á milli funda við hönnuði og notendur.



## Greinargerð vinnuhóps

### Aðferðafræði

Aðferðafræði miðaði við að „Horft verði til þess að nýta húsnæði (skemmur) sem fyrir er á Smiðjuvöllum 22 og Dalbraut 8. Húsnæði verða sett upp á Kalmansvöllum 5 eða Flóahverfi. Gróft mat á stærð er áhaldahús 500 fm, fjöliðja 200 fm og Búkolla 200 fm. Uppbygging yrði gerð þannig að stækkunarmöguleikar væru fyrir hendi. Fyrirnefndar skemmur eru samtals um 1.150 fm.“

Fljótlega í ferlinu varð ljóst að skemma á Dalbraut 8 myndi ekki henta til flutninga vegna þess hvernig burðarvirki hússins er. Þá var það metið svo að nýting skemmu á Smiðjuvöllum myndi setja uppbyggingu miklar hömlur. Húsið er aðeins um 16 m breitt og myndi lóðin nýtast illa þannig. Einnig var horft til þess að húsnæðið gæti þjónað til framtíðar og tekið breytingum t.d. sem snúa að aukinni virkni með fjölnota vinnusal.

### Þarfagreining

Þarfagreining var unnin með hverri starfstöð, þ.e. áhaldhúsi, Búköllu og Fjöliðjunni og varð fljótlega ljóst að upprunalegt gróft mat á stærðum var vanmetin út frá uppfærðri þarfagreiningu með mögulega þróun á starfsemi til framtíðar að leiðarljósi.

Tafla 1 Þarfagreining

	Upprunalegt mat á stærð	Þarfagreining 1. hæð	Þarfagreining 2. Hæð
Fjöliðjan	Dósamóttaka – 200 fm (tók mið af Dalbraut 10)	Dósamóttaka – 200 fm Þvottur (samnýtt) – 7,5 fm Kaffistofa (samnýtt) – 5 fm	Fundaraðstaða Kaffiaðstaða Salerni Vinnuaðstaða í opnu rými Skrifstofur stjórnenda Fjölnota vinnusalur
Búkolla	Verslun, lager og aðstaða – 200 fm (tók mið af Vesturgötu 62)	Móttaka og verslun – 350 fm Lager vinnurými – 100 fm Þvottur (samnýtt) – 7,5 fm Kaffistofa (samnýtt) – 5 fm	
Áhaldahús	Áhaldahús - 500 fm (tók mið af núverandi húsnæði)	Trésmíðaverkstæði – 100 fm Umferð og götur – 200 fm	Fundaraðstaða Kaffiaðstaða Salerni Vinnuaðstaða í opnu rými
Geymsla	Ekki var gert ráð fyrir þessu í fyrstu þarfagreiningu	Skammtíma geymsla og geymsla fyrir vinnuskóla – 300 fm	
Samtals	900 fm	1.275 fm	Óskilgreint

Við þetta bætast síðan gangar, lyftur, stigar, anddyri, salerni, ræstiherbergi, búningsherbergi, loftræsi-, tækni- og inntaksrými og önnur sameiginleg rými.

Horft var til samnýtingar á rýmum og helsta samnýting felst í þvottaaðstöðu, búningsklefum, salernisaðstöðu, fundar- og kaffiaðstöðu. Þá er horft til þess að Búkolla og möguleg starfsemi í

fjölnota vinnusal á efri hæð geti nýtt sér aðstöðu trésmíðaverkstæðis í tilfallandi verkefni þar sem komast þarf í sagir eða önnur tæki.

## Frumhönnun

Gláma-Kím arkitektastofa var fengin til að frumhanna hús og lóð að Kalmansvöllum 5 út frá þarfagreiningu. Ákveðið var að vinna með Glámu-Kím í þessu verkefni þar sem þeir höfðu komið að hönnun á endurbótum á húsnæði Fjöliðju að Dalbraut 10. Það samstarf þótti hafa gengið vel og hönnuðir þekktu vel til þarfa Fjöliðju eftir þá vinnu.

Niðurstaðan eftir vinnu með hönnuðum var hús með brúttóflatarmál 1.375 fm að grunnfleti og hefur þá verið dregið úr upprunalegum stærðum skv. þarfagreiningu. Efri hæð hússins, sem nær yfir allt húsið nema geymslu er 1150 fm. Samtals 2525 fm.

Mikil áhersla var á hönnun lóðarinnar, að hafa næg bílastæði, hjólastæði og gott flæði gangandi og akandi innan lóðar og að lóð. Lögð er áhersla að takmarka gegnumakstur á lóð eins og kostur er. Lóðin er fullnýtt með þessari stærð af húsi á lóðinni og því sem þarf að rúmast innan lóðar. Í raun gengur flæði akandi út á að það verði 2 stútar frá Akranesvegi og 2 stútar frá Kalmansvöllum sem er mögulega ókostur.

Við kostnaðaráætlun var miðað við hús úr forsteyptum einingum. Einnig var rætt um einfalda skemmu með límtrés eða stálburðarvirki. Slíkt byggingarform var á endanum ekki talið henta fyrir og voru helstu rökin

- Tvær hæðir: Gert er ráð fyrir að byggingin sé að stærstum hluta á tveimur hæðum. Það felst því mikil vinna í að byggja upp efri hæðina í tilbúið skemmuhúsnæði og þetta með útveggjum.
- Nýting húsnæðis: Með hefðbundinni skemmu með stál- eða límtrésburðarvirki ganga burðarbitar inn í húsið sem hefur áhrif á nýtingu rýma. Þá hafa bitarnir áhrif á lofthæð á 2. hæð sem valda því að gera þarf ráð fyrir aukinni lofthæð eða að skilreina öll rými milli bita.
- Brunavarnir: Ef húsið er ekki steypt þá þarf að leggja talsvert meira í brunapéttingar og brunakerfi þ.m.t. sprinklerkerfi.
- Hljóðvist: Þarna er verið að blanda saman ýmis konar starfsemi og verður rík áhersla á að hljóð berist sem minnst milli eininga, þá sérstaklega inn í verslun Búkollu úr öðrum einingum og upp á 2. hæð sem er nýtt undir skrifstofu og fundarherbergi.
- Ending og viðhald. Með því að hafa húsið úr forsteyptum samlokueiningum er viðhaldi haldið í lágmarki og endingartími talinn meiri en fyrir skemmu klædda með samlokueiningum eða annarri klæðningu.

Frágangur rýma tekur mið af því að ekki sé verið að vinna rými á 1. hæð of mikið. Þau eru því nokkuð hrá en þannig frágengin að þrif séu auðveld og viðhald í lágmarki. Lagnir og loftræsing eru sýnilegar.

Frágangur rýma á 2. Hæð er hefðbundinn fyrir skrifstofu og fundarherbergi með dúk á gólfum, kerfislofti og lagnarenum. Í öðrum rýmum er grófari frágangur.

Heildarkostnaðaráætlun hússins er í viðhengi.

## Útboð

Samkvæmt erindisbréfi stýrihóps átti að ljúka hönnun og ganga frá tilbúnum útboðsgögnum. Það var metið sem svo að gott væri að staldra við eftir frumhönnun og taka ákvörðun um næstu skref út frá því, sérstaklega í ljósi þess hve verkefnið hefur breyst mikið á tímabilinu.

Tveir kostir koma til greina varðandi næstu skref sem hafa hvort sína kosti og galla.

Stýrihópur leggur til tvö útboðsform:

1. Hefðbundið útboð
  - Útboð hönnunar – 2-3 mánuðir
  - Hönnun – 9-12 mánuðir
  - Útboð framkvæmdar 2-3 mánuðir
  - Framkvæmd – 2-3 ár
2. Alútboð
  - Alútboð – 3-4 mánuðir
  - Hönnun – 9-12 mánuðir
  - Framkvæmd – 2-3 ár

Kostirnir við alútboð er að við berum ekki ábyrgð á hönnuðum og hönnun og ferlið er styttra. Framkvæmdaraðili getur að öllum líkindum byrjað fyrr á framkvæmdum en ef farið er í hefðbundið útboð. Vandamálið er kannski það að við höfum minni áhrif á hönnunina og því mikilvægt að gögn vegna alútboðs séu vel unnin.

Vinnuhópurinn vísar til Reglugerðar um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 460/2018. Samkvæmt reglugerðinni er heimilt að úthluta til sveitarfélaga til uppbygginga eða breytinga á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk. Meðal þess sem heimilt er að úthluta til er bygging á hæfingarstöðvum til að sinna lögbundnu hlutverki sveitarfélaga vegna hæfingar fatlaðs fólks. Miða skal við að stærð hæfingarstöðvar nemi um 15 fermetrum á hvern einstakling sem njóta á þar þjónustu á hverjum tíma, byggingakostnaður fari ekki fram úr kr. 540.000 á hvern fermetra og framlag Fasteignasjóðs nemi allt að 25% af þeim kostnaði.

Vinnuhópurinn vísar einnig til að sveitarfélagið getur valið um að fara þá leið að skrá húsnæði nýbyggingarinnar eða húsnæðið í heild sinni í frjálsa skráningu.

## Kynningar

Niðurstöður stýrihópsins hafa verið kynntar fyrir eftirtöldum aðilum:

Velferðar- og mannréttindaráði

Skipulags- og umhverfisráði

Notendaráði fatlaðra

Starfsfólki og leiðbeinendum í Fjöliðjunni.

Starfsfólki Búkollu.

Tafla 2 Yfirlit funda og kynninga

Dagsetning fundar	Fundur	Nr.
4.3.2022	Fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 – áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla – uppbygging á húsnæði	1
17.3.2022	Fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 – áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla – uppbygging á húsnæði	2
24.3.2022	Fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 – áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla – uppbygging á húsnæði	3
7.4.2022	Fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 – áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla – uppbygging á húsnæði	4
27.6.2022	Fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 – áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla – uppbygging á húsnæði	5
22.8.2022	Fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 – áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla – uppbygging á húsnæði	6
15.11.2022	Fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 – áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla – uppbygging á húsnæði	7
23.11.2022	Fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 – áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla – uppbygging á húsnæði	8
5.12.2022	Kynning í skipulags- og umhverfisráði	
6.12.2022	Kynning í velferðar- og mannréttindaráði	
19.12.2022	Kynning í notendaráði	
15.3.2023	Fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 – áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla – uppbygging á húsnæði	9
20.3.2023	Kynning fyrir starfsfólki Búkollu	
21.3.2023	Kynning fyrir starfsfólk og leiðbeinendur í Fjöliðjunni	
25.4.2023	Fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 – áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla – uppbygging á húsnæði	10

## Lokaorð

Stýrihópurinn leggur fram frumhönnun af húsnæði og lóð á Kalmansvöllum 5 fyrir áhaldahús, Fjöliðju vinnuhluta og Búkollu. Stýrihópurinn telur að framlagt húsnæði muni verða mikil upplýfting fyrir þá starfsemi sem er fyrirhuguð í húsnæðinu og einnig gefa möguleika á þróun starfseminar í framtíðini. Mikið atriði er að húsnæði muni uppfylla allar nútíma kröfur um aðbúnað fyrir starfsfólk. Eins og fram kemur í skýrslu þessari leggur stýrihópurinn til að byggt verði hús úr steinsteyptum einingum þar sem hópurinn telur það vera besti kostinn til framtíðar séð. Stýrihópurinn þakkar öllum sem hafa komið að þeirri vinnu sem hér liggur á baki. Stýrihópurinn biðst afsökunar á þeirru seinkun sem hefur orðið á lokaskýrslu þessari.

Asbjörn Eyrilsson

Einar Brandsson

Reyker Samundsson

Gudm. Páll Jónsson

Arni Jón Harðarson

Sveinborg Krúthjálmsdóttir

Alfþóro Þóroddsson

Hilga Vinnu Anna J.

## Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Erindisbréf

Fylgiskjal 2 - Fundargerðir

Fylgiskjal 3 - Frumhönnun

Fylgiskjal 4 – Frumkostnaðaráætlun

## Fylgiskjal 1 - Erindisbréf



## Erindisbréf stýrihóps um uppbyggingu á húsnæði undir áhaldahús, starfsendurhæfingu fjöliðju og Búkolla

---

### Markmið með stofnun stýrihópsins:

Markmið stýrihópsins er að halda utanum innri hönnun í samvinnu með hönnuði vegna uppbyggingar á mannvirki sem hýsir áhaldahús, starfsendurhæfingarhluta fjöliðju og starfsemi Búkollu.

### Aðferðafræði:

Horft verði til þess að nýta húsnæði (skemmur) sem fyrir er á Smiðjuvöllum 22 og Dalbraut 8. Húsnæði verða sett upp á Kalmansvöllum 5 eða Flóahverfi. Gróft mat á stærð er áhaldahús 500 fm, fjöliðja 200 fm og Búkolla 200 fm. Uppbygging yrði gerða þ.a. stækkunarmöguleikar væru fyrir hendi. Fyrirnefndar skemmur eru samtals 1.150 fm.

### Ábyrgðaraðili:

Bæjarráð.

### Hlutverk og helstu verkefni:

Meginverkefni stýrihópsins verða eftirfarandi:

- *Vera í reglulegri samvinnu við hönnuð.*
- *Funda með notendum og öðrum hagsmunaaðilum..*
- *Að leggja fram tillögu um fullgerða hönnun og útboðsgögn fyrir Akraneskaupstað.*
- *Að leggja fram kostnaðaráætlun um heildarframkvæmd.*
- *Annað sem kann að skipta máli.*

### Verklag:

Starfsmenn hópsins sjá um fundarboðun í samráði við formann, fundarritun og eftirfylgni mála. Stýrihópurinn skal funda eins oft og þörf krefur. Á fundum stýrihópsins skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins. Fundargerðir skulu kynntar í viðkomandi ráðum þ.e. bæjarráði, velferðar- og mannréttindaráði og skipulags- og umhverfisráði.



Laun vegna starfa stýrihópsins greiðast samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um þóknanir fyrir nefndarstörf.

**Ráðgjöf:**

Stýrihópurinn getur kallað til þá starfsmenn sveitarfélagsins eða sérfræðinga sem hann telur nauðsynlegt hverju sinni.

**Starfstími og skil.**

Stýrihópurinn skal leggja fyrir tillögur á sameiginlegum fundi bæjarráðs, skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs ásamt öðrum hagsmunaðilum eigi síðar en **2. apríl 2022.**

**Fulltrúar í stýrihópnum:**

Bæjarráð skipar eftirtalda aðila í stýrihópinn:

- Tveir fulltrúar bæjarstjórnar (kjörnir bæjarfulltrúar) og annar þeirra gegnir formennsku.
- Fulltrúar Fjöliðjunnar, áhaldahúss og Búkollu.
- Fulltrúar frá viðkomandi fagsviðum þ.e. velferðar- og mannréttindasviði og skipulags- og umhverfissviði.

**Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 10. febrúar 2022**

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sævar Freyr Þráinsson  
bæjarstjóri

## Fylgiskjal 2 - Fundargerðir

**1. fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, föstudaginn 4. mars 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson fulltrúi meirihluta, Einar Brandsson fulltrúi minnihluta, Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar-og mannréttindasviðs.

Svala sat fundinn í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Bæjarstjórn samþykkti á 1347. fundi sínum þann 22.02.2022 erindisbréf fyrir stýrihóp vegna uppbyggingu á húsnæði fyrir áhaldahús, Fjöliðjuna vinnu- og hæfingarhluta og Búkollu.

Samkvæmt erindisbréfi þá verður stýrihópur skipaður eftirtöldum fulltrúum:

Fulltrúi meirihluta (formaður): Kristinn Hallur Sveinsson tilnefndur af bæjarstjórn.

Fulltrúi minnihluta: Einar Brandsson tilnefndur af bæjarstjórn.

Fulltrúar Fjöliðjunnar, áhaldahúss og Búkollu.

-Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður og Árni Jón Harðarson deildarstjóri frá Fjöliðju og Búkollu

-Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss og umsjónarmaður fasteigna Fulltrúar frá viðkomandi fagsviðum þ.e. velferðar- og mannréttindasviði og skipulags- og umhverfissviði:

-Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri framkvæmda og bygginga á skiplags- og umhverfissviði

-Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs

Fulltrúar í stýrihóp fóru í gegnum erindisbréf sem liggur fyrir og þau verkefni sem tilgreind eru þar.

Stýrihópurinn vill vekja athygli bæjarráðs á að sú tímasetning sem kemur fram í erindisbréf um starfstíma og skil stýrihóps sé frá því drög að erindisbréfi voru upphaflega gerð. Sá tími sem kemur þar fram sem stýrihópur eigi að skila tillögum að uppbyggingu og hönnun sé stuttur eða 2. apríl 2022.

Stýrihópur óskar eftir því við forstöðumenn starfsstöðva, Áhaldahús, Fjöliðju og Búkollu, að leggja fram þarfagreiningu vegna hveðrar starfseiningar fyrir sig. Þarfagreining sé borin undir starfsmenn viðkomandi starfsstöðva. Þarfagreining verður lögð fram á næsta fundi stýrihóps.

Stýrihópur leggur áherslu á að fá hönnuði að vinnu við uppbyggingu á nýju

KHS  
1  
AK

*húsnæði sem fyrst. Stýrihópur óskar eftir því að kannað verði hvort bjóða þurfi út hönnun hússins.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:00.**

*Kristinn H. Sveinsson  
Einar Brandsson*

*Jóhanna Friisadóttir  
Alftra Alþrótt  
Asbjörn Eyrísson*

**2. fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, fimmtudaginn 17. mars 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson fulltrúi meirihluta, Einar Brandsson fulltrúi minnihluta, Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Árni Jón Harðarson deildarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar-og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

1. **2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Uppbygging á húsnæði á Kalmansvöllum 5.

*Umræður um þarfagreiningu starfsstöðvanna. Ekki hefur verið unnt að ljúka þarfagreiningu en drög að henni verða lög fyrir á næsta fundi.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:00.**

Kristinn H. Sveinsson

Einar Brandsson

Svala Hreinsdóttir  
Alfreð Þór Alfreðsson  
Ásbjörn Egilsson

**3. fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, fimmtudaginn 24. mars 2022 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson fulltrúi meirihluta, Einar Brandsson fulltrúi minnihluta, Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Árni Jón Harðarson verkstjóri í Fjöliðju.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar-og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Fundur stýrihóps um uppbyggingu á húsnæði á Kalmansvöllum.

*Drög að þarfagreiningu sem unnin hefur verið að starfsmönnum áhaldahúss og Fjöliðjunnar og Búkollu lög fram til kynningar. Fyrri þarfagreining um uppbyggingu Fjöliðju verður notað sem hjálpargagn í þeirri vinnu.*

*Umræður um hönnun hússins og mikilvægi þess að fá aðkomu hans að starfi stýrihópsins sem fyrst. Stýrihópur samþykkir að kannað verði að fá hönnuði hjá Glámu Kím inn í verkefnið, með það að markmiði að for hanna uppbyggingu á húsnæði á Kalmansvöllum. Hönnuðir hjá Glámu Kím komu að fyrri stigum á hönnun á uppbyggingu á Fjöliðjunnar og hafa því innsýn inn í starfsemina að einhverju leiti.*

*Stýrihópurinn felur starfsmönnum að fylgja því eftir og leggja fram upplýsingar þess efnis fyrir næsta fund stýrihóps.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:30.**

Kristinn H. Sveinsson  
Einar Brandsson

*Alfreð Þór Alfreðsson  
Guðmundur Páll Jónsson  
Svala Hreinsdóttir*



**4. fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, fimmtudaginn 7. apríl 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson fulltrúi meirihluta, Einar Brandsson fulltrúi minnihluta, Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Arni Jón og Alfreð Þór boðuðu forföll.

**Fyrir tekið:**

**1. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Fundur stýrihóps um uppbyggingu á húsnæði á Kalmansvöllum. Fyrirspurn var send á Glámu Kím um samstarf við forhönnun hússins.

*Svar hefur borist frá Glámu Kím um tilboð um forhönnun hússins. Áætlaður vinnutími er um 150-200 klst. skil á forhönnun er áætlað í ágúst 2022.*

*Stýrihópur samþykkir að ganga til samstarfs við Glámu Kím um forhönnun.*

*Þarfagreining verður yfirfarin og send á hönnuði. Í þarfagreiningunni munu starfsstöðvar taka inn öll þau verkefni og rými sem þau þurfa s.s. vinnurými og geymslur.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 08:30.**

Kristinn H. Sveinsson

Ásbjörn Egilsson

Einar Brandsson

Svala Hreinsdóttir

Svala Hreinsdóttir

**5. fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, mánudaginn 27. júní 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson fulltrúi meirihluta, Ragnar B. Sæmundsson fulltrúi minnihluta, Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Árni Jón Harðarson verkstjóri í Fjöliðju.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Ragnar B. Sæmundsson sat fundinn í gegnum fjárfundabúnaðinn Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Fundur stýrihóps um uppbyggingu á húsnæði á Kalmansvöllum 5. Drög að forhönnun frá Gláma Kím liggur fyrir.

*Stýrihópurinn fór yfir drög frá Gláma Kím að forhönnun hússins. Fyrirliggjandi spurningum frá hönnuðum svarað. Stýrihópur óskar eftir því að hönnuðir frá Glámu Kím sitji næsta fund stýrihóps.*

*Stýrihópur leggur til að kannað verði hvort hægt sé að opna akstursleið frá Akranesvegi að Kalmansvöllum 5.*

*Í erindisbréfi fyrir stýrihópinn kemur fram að horfa þurfi til þess hvort hægt sé að nýta húsnæði (skemmur) sem fyrir er á Smiðjuvöllum 22 og Dalbraut 8 til uppbygginga á húsnæði að Kalmansvöllum 5 fyrir Áhaldahús, Fjöliðju og Búkollu. Stýrihópur hefur falið starfsmönnum skipulags- og umhverfissviðs að meta ástands hússins með möguleika á að nýta það til uppbyggingar á húsnæði að Kalmansvöllum 5. Mat á húsnæðinu liggur fyrir. Stýrihópur telur að húsnæðið henti ekki til uppbyggingar á nýju húsnæði fyrir Áhaldshús, Fjöliðju og Búkollu að Kalmansvöllum. Stýrihópur vísar niðurstöðu sinni til bæjarráðs.*

*Samkvæmt erindisbréfi stýrihóps kemur fram að stýrihópur haldi utanum innri hönnun í samvinnu með hönnuði vegna uppbyggingar á mannvirki sem hýsir áhaldahús, starfsendurhæfingarhluta fjöliðju og starfsemi Búkollu og leggja fram tillögur á sameiginlegum fundi bæjarráðs, skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs ásamt öðrum hagsmunaaðilum eigi síðar en í ágúst 2022. Stýrihópur óskar eftir frest til að kynna niðurstöður sínar á sameiginlegum fundi ráða í september.*

Ragnar B. Sæmundsson samþykkti fundargerð með rafrænum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:45.**

*Ásbjörn Egilsson*  
*Einar Brandsson*



**6. fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, mánudaginn 22. ágúst 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson fulltrúi meirihluta, Ragnar B. Sæmundsson fulltrúi minnihluta, Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Fundur stýrihóps um uppbyggingu á húsnæði á Kalmansvöllum 5. Drög að forhönnun frá Gláma Kím liggur fyrir.

Á fundinn mættu arkitektarnir Sigurbjörn Kjartansson og Ulrike Diana Malsch frá Gláma Kím. Farið var yfir fyrstu drög að skipulagi hússins.

Stýrihópur hafði óskaði eftir því við arkitekta að stilla upp drögum að skipulagi á umhverfi og aðgengi að húsinu þar sem innkeyrsla í húsnæðið yrði einnig frá Akranesvegi. Drög að því skipulagi liggja fyrir.

Stýrihópur samþykkir fyrirliggjandi fyrstu drög að skipulagi hússins. Stýrihópur óskar eftir því að arkitektar vinni áfram með fyrirliggjandi drög og vinni eftirfarandi:

-Ljúka þarfagreiningu með starfsmönnum starfsstöðva

-Stilla upp grunnmyndum hússins

-Stilla upp staðsetningu húss á lóð og gróflega bílastæðum og aðgengi á lóð

-Leggi fram tillögu um gerð húss og byggingarefni húss (stálgrindarhús, staðsteypt o.s.frv.)

-Aðstoð við gerð frumkostnaðaráætlunar í samráði við starfsmenn skipulags- og umhverfissviðs

Þegar framangreint liggur fyrir fundi arkitektar aftur með stýrihóp.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:30.**

Einar Brandsson

Ragnar Sæmundsson

Svala Hreinsdóttir

Alfreð Þór

Ásbjörn Egilsson

**7. fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, föstudaginn 16. september 2022 og hófst hann kl. 09:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson fulltrúi meirihluta, Ragnar B. Sæmundsson fulltrúi minnihluta, Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Árni Jón Harðarson verkstjóri í Fjöliðju.

**Fundargerð ritaði:** Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Fyrirliggjandi eru fyrstu drög að frumhönnun hússins frá arkitekt.

Á fundinn mættu arkitektarnir Sigurbjörn Kjartansson og Ulrike Diana Malsch frá Glámu Kím. Farið var yfir drög að frumhönnun húss.

Sýrihópur hafði óskað að arkitektar stilltu upp drögum að frumhönnun út frá samþykktum drögum að skipulagi húss og lóðar. Arkitekt hefur stillt upp öllum helstu rýmum og gefið nettó stærðir.

Umræða var um notkun rýmis á efri hæð, reyna á að hafa það rými sveigjanlegt svo það geti þjónað margvíslegum tilgangi og þróast með starfseminni. Búkolla telur að það rými sem þeim er úthlutað á 1. hæð hússins dugi ekki fyrir þá þjónustu sem þeir vilja bjóða upp á og snýr m.a. að sölu á stærri húsgögnum. Skoða á að koma fyrir djúpgámum á svæðinu

Stýrihópur óskar eftir því að arkitektar vinni áfram með frumhönnun hússins og ljúki vinnu við grunnmyndir og afstöðumynd húss. Teknir verða fundir með vinnuhóp eftir þörfum til að ljúka þeirri vinnu.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:30.**

Einar Brandsson  
Ragnar Sæmundsson  
Alfreð Þór Alfreðsson  
Ásbjörn Egilsson  
Árni Jón Harðarson

**8. fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, þriðjudaginn 15. nóvember 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson fulltrúi meirihluta, Ragnar B. Sæmundsson fulltrúi minnihluta, Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri og Árni Jón Harðarson verkstjóri í Fjöliðju.

Sveinborg Kristjánsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs var fjarverandi

**Fundargerð ritaði:** Ásbjörn Egilsson, Verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði.

**Fyrir tekið:**

**1. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Yfirferð á drögum arkitekta og forsendum frumkostnaðaráætlunar.

*Farið yfir frumhönnun og drög að forsendum fyrir frumkostnaðarmati. Hönnuðir munu vinna í athugasemdum sem bárusst og leggja fram tilbúna frumhönnun og frumkostnaðarmat til yfirferðar á næsta fundi. Í kjölfarið verður niðurstaða stýrihóps kynnt fyrir ráðum.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:30.**

Ragnar Sæmundsson  
Alfreð Þór Alfreðsson  
Guðmundur Páll Jónsson  
Einar Brandsson  
Ásbjörn Egilsson  
Árni Jón Harðarson



**9. fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, miðvikudaginn 23. nóvember 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson fulltrúi meirihluta, Ragnar B. Sæmundsson fulltrúi minnihluta, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri og Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Ásbjörn Egilsson, Verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði.

**Fyrir tekið:**

**1. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Yfirferð frumhönnunar og frumkostnaðaráætlun frá hönnuðum.

*Sigbjörn og Ulrike frá Glámu-Kím mæta á fund og kynna frumhönnun. Farið yfir hönnun og forsendur kostnaðaráætlunar. Ákveðið að fulltrúar stýrihóps kynni niðurstöður frumhönnunar og frumkostnaðaráætlun í ráðum.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:30.**

Einar Brandsson  
Ragnar Sæmundsson  
Alfreð  
Ásbjörn Egilsson

**10. fundur stýrihóps um Kalmansvelli 5 - áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, föstudaginn 21. apríl 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Einar Brandsson fulltrúi meirihluta, Ragnar B. Sæmundsson fulltrúi minnihluta, Guðmundur Páll Jónsson forstöðumaður Fjöliðjunnar, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri, Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri, Árni Jón Harðarson verkstjóri í Fjöliðju og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Ásbjörn Egilsson, Verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði.

**Fyrir tekið:**

**1. 2201071 - Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

Lokafundur stýrihóps.

*Farið yfir lokaskýrslu stýrihóps og gengið frá skýrslu.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:00.**

Ásbjörn Egilsson  
Einar Brandsson  
Ragnar Sæmundsson  
Sveinborg Kristjánsdóttir  
Árni Jón Harðarson  
Guðmundur Páll Jónsson

# SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐ

252. fundur

05. desember 2022 kl. 17:00 - 21:00

í Miðjunni, Dalbraut 4

## Nefndarmenn

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður

Valgarður L. Jónsson varaformaður

Ragnar B. Sæmundsson varamaður

## Starfsmenn

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi

Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi

Ásbjörn Egilsson verkefnastjóri

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri

Fundargerð ritaði: Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi

## Dagskrá

### 1. **Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

2201071

Tillaga, myndir og kostnaðarmat frá 25.11.sl. kynnt

*Einar Brandsson, Alfreð Alfreðsson og Ásbjörn Egilsson sátu fundinn undir þessum lið.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar fyrir góða kynningu. Óskar eftir því að málið komi á ný til umfjöllunar eftir frekari vinnu starfshóps.*

### 2. **Þjónustugjaldskrá - breyting**

2205006

Tillaga að breytingu á þjónustugjaldskrá.

*Karl Jóhann Haagensen sat fundinn undir þessum lið.*

*Tillaga að breyttri gjaldskrá lögð fram til kynningar. Byggingafulltrúa falið að vinna málið áfram.*

### 3. **Uppbygging við Jaðarsbakka**

2211263

Bæjarráð tók fyrir erindi Ísoldar Fasteignafélags um mögulega uppbyggingu á Jaðarsbökkum og erindi Ípróttabandalags ÍA og Knattspyrnufélags ÍA á fundi sínum þann 1. desember síðastliðinn.

Halló, get ég hjálpað þér?



Bæjarráð tók jákvætt í erindið sem fer nú til frekari stjórnsýslulegrar meðferðar í viðeigandi fagráðum Akraneskaupstaðar.

*Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri sat fundinn undir þessum lið.*

*Skipulags- og umhverfisráð fagnar framkomnum hugmyndum um uppbyggingu íþróttamannvirkja og heilsutengdrar ferðapjónustu við Jaðarsbakka. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að gerð verði viljayfirlýsing við málsaðila varðandi uppbyggingu á svæðinu.*

#### 4. Framkvæmdaleyfi - Stækkun aðalhafnargarðs

2211256

Umsókn Faxaflóahafna um endurnýjun á framkvæmdarleyfi vegna endurbóta á aðalhafnargarði, felur í sér gerð nýs hafnarbakka (framlenging) með um 220 metra viðlegu (90 metra lenging á núverandi bakka) með um 11 metra dýpi. Dýpkun á snúningssvæði innan hafnar. Snúningssvæði með um 120 metra þvermáli og dýpi 10 metra. Dýpkun á snúningssvæði utan hafnarmynnis. Snúningssvæði um 180 metra þvermáli og dýpi 11 metra. Lengingu á brimvarnargarði um allt að 60 metra. Öldudeygingu á milli aðalhafnargarðs og bátabryggju. Leyfi fyrir framkvæmdinni var áður samþykkt á fundi nefndarinnar þann 30.09.2019.

*Framkvæmdaleyfið fellur undir lög um umhverfismat í flokki B. Tilkynningarskyldu. Óskað var eftir álitum Skipulagsstofnunar. Ákvörðunarorð Skipulagsstofnunar um matskyldu dagsett 26.9.2018 eru: „Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbætur á aðalhafnargarði Akraneshafnar, séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum“*

*Hin umsóttu framkvæmd er í samræmi við þá lýsingu sem lýst er í tilkynningu til Skipulagsstofnunar og er í samræmi við aðalskipulag og deiliskipulag svæðisins. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að veita hið umsóttu framkvæmdaleyfi að nýju með þeim fyrirvörum sem fram koma í deiliskipulagi, umsókn og lýsingu á framkvæmdinni og að birta auglýsingu um útgáfu leyfisins skv. 10 gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.*

#### 5. Breið - hugmyndasamkeppni

2106162

Áframhaldandi umræður um skipulagsvinnu á Breiðinni

*Skipulags- og umhverfisráð fór yfir drög að greinargerð um áherslur ráðsins sem snúa að skipulagsvinnu á Breiðinni. Áfram verður unnið að greinargerðinni á næstu fundum.*

Halló, get ég hjálpað þér?

Fundi slitið - kl. 21:00.



# VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐ

193. fundur

06. desember 2022 kl. 16:00 - 18:00

í Lindinni Dalbraut 4

## Nefndarmenn

Kristinn Hallur Sveinsson formaður

Einar Brandsson varaformaður

Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður

## Starfsmenn

Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri

Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir Sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs

## Dagskrá

### 1. **Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði**

2201071

Kynning á nýju húsnæði fyrir Búkollu, flöskumóttöku og áhaldahús.

*Einar Brandsson kynnti stöðuna á nýju húsnæði fyrir Búkollu, flöskumóttöku og áhaldahús að Kalmannsvöllum 5. Velferðar- og mannréttindaráð vísar málinu til kynningar í notendaráði um málefni fatlaðs fólks á Akranesi.*

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar fyrir góða kynningu.*

### 2. **Samræmd móttaka flóttafólks**

2209282

Umræða um að Akraneskaupstaður óski eftir taka þátt í samræmdri móttöku flóttafólks.

*Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir kynningu frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna móttöku flóttafólks fyrir ráðið og bæjarstjórn.*

Fundi slitið - kl. 18:00.

Halló, get ég hjálpað þér?





Halló, get ég hjálpað þér?



# NOTENDARÁÐ UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS Á AKRANESI

14. fundur

19. desember 2022 kl. 16:15 - 17:30

í Miðjunni, Dalbraut 4

## Nefndarmenn

Halldór Jónsson aðalmaður

Ólöf Guðmundsdóttir aðalmaður

Ágústa Rósa Andrésdóttir aðalmaður

Böðvar Guðmundsson aðalmaður

Sólveig Salvör Sigurðardóttir aðalmaður

Jóhanna Nína Karlsdóttir aðalmaður

Sylvía Kristinsdóttir varamaður

Helena Rut Pujari Káradóttir varamaður

Kolbeinn Árnason varamaður

## Starfsmenn

Sveinborg Kristjánsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs

Berglind Ósk Jóhannesdóttir ráðgjafafroskapjálfi

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir sviðsstjóri Velferðar- og mannréttindaráðs

## Dagskrá

### 1. Notendaráð um málefni fatlaðs fólks 2022-2026

2206183

Kynning á samþykkt fyrir notendaráð um málefni fatlaðs fólks á Akranesi og helstu hlutverkum þess.

*Starfsmenn notendaráðs fóru yfir og kynntu samþykkt fyrir notendaráð, markmið og hlutverk.*

### 2. Kalmansvellir 5 - áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði

2201071

Kynning á uppbyggingu á nýju húsnæði fyrir áhaldahús, flöskumóttöku og Búkollu.

*Einar Brandsson bæjarfulltrúi og formaður stýrihóps um áhaldahús, dósamóttöku og Búkollu kom á fundinn og kynnti stöðuna á uppbyggingu húsnæðisins.*

*Notendaráð þakkar Einar Brandssyni góða kynningu.*

*Notendaráð óskar eftir kynningu á stöðu vinnu stýrihóps um samfélagsmiðstöð á fyrsta fundi á nýju ári.*



Fundi slitið - kl. 17:30.

Halló, get ég hjálpað þér?



## FUNDARGERÐ

### Kalmansvellir 5 - Kynningarfundur

<b>Fundarstjóri:</b> Ásbjörn Egilsson	<b>Fundur nr. :</b>	<b>1</b>	
<b>Fundarritari:</b> Ásbjörn Egilsson	<b>Staður:</b>	Smiðjuvelli 9	
<b>Pátttakendur stýrihóps:</b> Einar Brandsson (EB) - Formaður      Bæjarfulltrúi Ragnar Sæmundsson (RS)              Bæjarfulltrúi Guðmundur Páll Jónsson (GPJ)        Fjöliðja Árni Jón Harðarson (ÁJH)                Fjöliðja Ásbjörn Egilsson (ÁE)                    Akraneskst. Alfreð Alfreðsson (AA)                  Akraneskst. <del>Hildigunnur Árnadóttir (HÁ)           Akraneskst.</del> <del>Sveinborg L. Kristjánsdóttir (SK)      Akraneskst.</del>	<b>Dagsetning:</b>	20.03.2023	
	<b>Frá kl.:</b>	11:00	
	<b>Til kl.:</b>	12:00	
	<b>Næsti fundur:</b>	Ekki rætt	
	<b>Dreifing:</b>	Fundarmenn	
<b>Fylgiskjöl með fundargerð:</b>			

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður
Almennt	<p>Einar kynnti frumhönnun hússins. Grunnmyndir og þrívíddarmyndir.</p> <p>Almennt gekk fundurinn vel og sköpuðust þónokkrar umræður. Hér að neðan eru teknir saman punktar úr umræðum.</p> <p>Spurningar/ábendingar.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Hvað er Búkolla margir fermetrar: Um 320 fm á 1. hæð og rúumir 60 fm á 2. hæð.</li><li>- Spurt út í sjálfvirka talningavél í dósamóttöku og handtalningu: Hún hendir sjálf frá því sem hún getur ekki talið og það fer í handtalningu.</li><li>- Spurt út í rými á 2 hæð sem er óskilgreint: Meðal annars nefnt í sambandi við endurvinnslu og endurnýtingu. Rými sem á að geta tekið breytingum.</li><li>- Sprut hvenær framkvæmdir geti byrjað: Framkvæmdi hefjast seint á þessu ári eða byrjun næsta. Framkvæmdir um 18 mánuðir. Gæti verið klárt fyrri hluta árs 2025.</li><li>- Spurt út í gerð húss: Gert er ráð fyrir steinsteyptu húsi. Mögulega samlokueiningar.</li><li>- Spurt er um geymslu fyrir sekki: Það er hurð sem snýr að húsinu. Gert er ráð fyrir lyftara sem mun létta á allri vinnu og nýttist áhaldahúsi, Búkollu og dósamóttöku. Lyftari á að létta vinnu og minnka burð. Gler fer sjálfkrafa út á færbandi. Gert ráð fyrir að erfiðisvinna minnki. Glerbrjótur fer út úr húsi og verrður vel hljóðeinangraður.</li><li>- Spurt út í aðgengi: Þeir sem koma í Búkollu og dósamóttöku koma frá Akranesvegi. Hægt að hleypa umferð að Akraborg um lóðina norðanverðu.</li></ul>

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður
	<ul style="list-style-type: none"><li>- Spurt um afgreiðslu í dósamóttöku: Viðskiptavinur fer aldrei inn á gólf er bara í foranddyri.</li><li>- Spurt um kaffiaðstöðu, sturtur og salerni: Lítil kaffiaðstaða fyrir dósamóttöku á 1. Hæð annars er kaffistofan á 2. Hæð. Sturtur og búningaaðastaða er á 1. Hæð. Salerni eru á 1. og 2. Hæð.</li><li>- Umræða um þrif í dósamóttöku: Gert ráð fyrir Epoxy á góflum og upp á vegg og niðurfallsristum í gólfum svo hægt sé að smúla gólf og vegg.</li><li>- Umræða um móttöku vara í Búkollu og vörulyftu ef gera þarf við hluti í sal á 2. Hæð.</li><li>- Spurt út í kaffiaðstöðu/mat fyrir starfsfólk Búkollu: Ssameiginleg aðstaða á efri hæð. Spurt út í mat, það verður óbreytt en til framtíðar er verið að skoða mötuneytismál.</li><li>- Spurt um skipulag í Búkollu: Foranddyri til að minnka vind. Þar er hægt að raða upp minni hlutum. Annars er uppröðun og skipulag í höndum starfsmanna Búkollu. Á efri hæð er hugsað um sölu smávöru fót ofl. Aðgengi í gegnum stigahús og lyftu. Verður mikill munur að fá inn móttökurými/flokkunarsal sem er aðskilið frá verslun. Gert ráð fyrir að rými Búkollu sé frekar hrátt til að skapa stemningu fyrir nytjamarcað. Rætt um að þarna sé tækifæri fyrir starfsfólk Búkollu að þróa sitt starf og endurmeta hugsanlega opnunartíma og starfsemi.</li><li>- Spurt um fatagáma: Gert ráð fyrir að fatagámur/söfnunargámur verði á lóð.</li><li>- Umræða um húsnæði í heild: Mikið lagt í að þetta sé gott og endingargott húsnæði með lítið viðhald. Lagt upp með að þarna sé tækifæri til að búa til gott húsnæði.</li><li>- Spurt út í hjólastæði: Gert ráð fyrir þeim við hús.</li><li>- Spurt hvort að gert sé ráð fyrir gámum undir sorp: Nei gert ráð fyrir því að því sé keyrt jafn óðum í burtu.</li><li>- Spurt um djúpgáma: Um er að ræða grendarstöð þar sem fólk getur losað sig við sorp jafn óðum, sé ekki að skilja það eftir við dósamóttöku/Búkollu.</li><li>- Spurt út í loftræsikerfi: Næsta skref í hönnun er að fara í hönnun á kerfum. Gert ráð fyrir sér loftræsikerfi fyrir dósamóttöku.</li><li>- Talað um ösku og rusl sem fylgja oft í dósapokum: Ætti að síast úr að stóruleyti þar sem flöskum er hellt í sjálfvirka vél.</li><li>- Bent á að koma öðrum athugasemdum til GPJ og ÁJH sem koma þeim áfram á stýrihóp.</li></ul>

## FUNDARGERÐ

### Kalmansvellir 5 - Kynningarfundur

<b>Fundarstjóri:</b> Ásbjörn Egilsson	<b>Fundur nr. :</b>	<b>1</b>	
<b>Fundarritari:</b> Ásbjörn Egilsson	<b>Staður:</b>	Smiðjuvelli 28	
<b>Pátttakendur stýrihóps:</b> Einar Brandsson (EB) - Formaður      Bæjarfulltrúi Ragnar Sæmundsson (RS)              Bæjarfulltrúi Guðmundur Páll Jónsson (GPJ)        Fjöliðja Árni Jón Harðarson (ÁJH)                Fjöliðja Ásbjörn Egilsson (ÁE)                    Akraneskst. <del>Alfreð Alfreðsson (AA)                   Akraneskst.</del> Hildigunnur Árnadóttir (HÁ)           Akraneskst. <del>Sveinborg L. Kristjánsdóttir (SK)      Akraneskst.</del>	<b>Dagsetning:</b>	21.03.2023	
	<b>Frá kl.:</b>	13:00	
	<b>Til kl.:</b>	14:00	
	<b>Næsti fundur:</b>	Ekki rætt	
	<b>Dreifing:</b>	Fundarmenn	
<b>Fylgiskjöl með fundargerð:</b>			

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður
Almennt	<p>Einar kynnti frumhönnun hússins. Grunnmyndir og þrívíddarmyndir.</p> <p>Almennt gekk fundurinn vel og sköpuðust þónokkrar umræður. Hér að neðan eru teknir saman punktar úr umræðum.</p> <p>Spurningar/ábendingar.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>- Spurt út í salerni: Salerni á 3 stöðum á 1. hæð og salerniskjarni á 2. hæð.</li><li>- Spurt út í aðgangsstýringu: Það verður gert ráð fyrir að geta stýrt umferðinni um húsið. Gert ráð fyrir að þessu verði aðgangsstýrt með kortum eða annarri sambærilegri útfærslu.</li><li>- Spurt hvenær framkvæmdir geti byrjað: Framkvæmdi hefjast seint á þessu ári eða byrjun næsta. Framkvæmdir um 18 mánuðir. Gæti verið klárt fyrri hluta árs 2025.</li><li>- Spurt um breidd á göngum og hurðum og opnanir á hurðum. Gangar og hurðar taka tillit til þeirrar starfsemi sm er að fara inn. Rafmagnsopnun verður á helstu hurðum.</li><li>- Spurt hvers vegna Smiðjuvelli 28 voru ekki keyptir: Ekki endilega talið ódýrara og nú erum við að hann húsið nákvæmlega eins og við viljum hafa það og fáum betra húsnæði.</li><li>- Spurt er um lofthæð: Um 3,2 m á neðri hæð og minnst um 2,5 m á efri hæð.</li><li>- Spurt út í hávaða í dósamóttöku: Verið að taka glerbrjót út og dósamóttakan verður sérstaklega hljóðeinangruð. Sér loftræsing fyrir dósamóttöku. Mikil áhersla á lofgæði, lýsing, hljóðvist o.fl.</li></ul>

<i>Málsnr.</i>	<i>Umræður, ákvarðanir, niðurstöður</i>
	<ul style="list-style-type: none"><li>- Spurt út í kostnað: Um 1 milljarður.</li><li>- Spurt út í stærð: Ríflega 2000 fm.</li><li>- Spurt út í vind: Vindfang verður við innganga að Búkollu og dósamóttöku.</li><li>- Spurt er út í stæði fyrir bíla Fjöliðjunnar: Starfsmannastæði nær Kalmansvöllum. Hægt að bakka beint inn í móttökuhluta Búkollu.</li><li>- Spurt út í rif á gömlu Búkollu: Stendur til að auglýsa það húsnæði til sölu með kvöðum um uppbyggingu.</li><li>- Spurt út í rif á D10: Verður boðið út á næstunni.</li><li>- Talað um að ferlið hafi tekið of langan tíma.</li><li>- Beðið um að teikningar séu prentaðar og hægt verði að skoða þær á Smiðjuvöllum 9 og 28.</li><li>- Bent á að koma öðrum athugasemdum til GPJ og ÁJH sem koma þeim áfram á stýrihóp.</li></ul>


## Fylgiskjal 3 - Frumhönnun
















- Áhaldahús
- Búkolla
- Fjöliðjan
- Á/B/F - sameiginlegt





Að Akranesvegi

Að Akranesvegi

-  steipt gólf, véslípað
-  epoxy
-  dúkur

20 feta gámur Búkollu

12 bílastæði viðskiptavina

2 bílastæði viðskiptavina

Aðkoma langra bíla

DJUPGAMAR



17 bílastæði starfsmanna

5200

10100

18800

4500

6625

9975

Að Kalmansvöllum

3 bílastæði viðskiptavina  
eða langir bílar

Vörumótaka Búkollu

3 bílastæði starfsmanna

Inngangur Búkolla

Starfsmenn

Inngangur Fjöliðjan

Farríband

Vörulyfta

Föt & skór-skiltug

Munaháttar/fatahengi skiptiföt

inntök


inntök

lyftari


5 bílastæði starfsmanna


Útgeymsta - ísorm

Að Kalmansvöllum



- steipt gólf, vélslípað
- epoxy
- dúkur





Að Akranesvegi

Að Akranesvegi

steyp loft / máluð

hljóðvist 1

hljóðvist 2

niðurhengt kerfisloft

hallandi loft - plötuklæðning undir þaki

20 feta gámur Búkollu

12 bílastæði viðskiptavina

2 bílastæði viðskiptavina

Aðkoma langra bíla

DJUPGAMAR



17 bílastæði starfsmanna

Að Kalmansvöllum

3 bílastæði starfsmanna

Útgeymsla - ísorm

5 bílastæði starfsmanna

Að Kalmansvöllum

5200

10100

18800

4500

6625

9975

11500

2000

11500

Inngangur Búkolla

Starfsmenn

Inngangur Fjöliðjan

3 bílastæði viðskiptavina eða langir bílar

Vörumótaka Búkollu

Starfsmenn

Föt & skór-skiltug

Munahápar / fatahengi skiptiföt


Vörulyfta

Farríband

inntök

inntök

lyftari



Að Akranesvegi

Að Akranesvegi

-  steyppt loft / máluð
-  hljóðvist 1
-  hljóðvist 2
-  niðurhengt kerfisloft
-  hallandi loft - plötuklæðning undir þaki

20 feta gámur Búkollu

12 bílastæði viðskiptavina

2 bílastæði viðskiptavina

Aðkoma langra bíla

DJUPGAMAR



17 bílastæði starfsmanna

Að Kalmansvöllum

3 bílastæði starfsmanna

Að Kalmansvöllum

5200

10100

18800

4500

6625

9975

3 bílastæði viðskiptavina eða langir bílar

Vörumótaka Búkollu

Skyggnir/svalir

kaðhorn

Vörulyfta


Loftrásing í móttöku & glerbrjót ofan á glerbrjótisrymi

aðlöng fyrir stöðni húsi


inntök

aðlöng fyrir stöðni húsi







1 **SNEIÐING A - Tillaga**  
Scale: 1:250



2 **SNEIÐING B - Tillaga**  
Scale: 1:250




3 **SNEIÐING C - Tillaga**  
Scale: 1:250




4 **SNEIÐING D - Tillaga**  
Scale: 1:250



1 3D mynd úr norðri - Tillaga  
Scale: 1:400



2 3D mynd úr norðvestri - Tillaga  
Scale: 1:400



3 3D mynd úr syðri - Tillaga  
Scale: 1:400




Frá innkeyrslu við Akranesveg



Aðkoma að verslun Búkollu og flöskumóttöku




Frá djúpgámasvæði / bílastæði við Akranesveg




Frá Kalmansvöllum





3D grunnmynd - 1.hæð



3D grunnmynd - 2.hæð





3D grunnmynd - 1.hæð




3D grunnmynd - 2.hæð





3D grunnmynd - 1.hæð



3D grunnmynd - 2.hæð





3D grunnmynd - 1.hæð



3D grunnmynd - 2.hæð



## Fylgiskjal 4 - Frumkostnaðaráætlun

Kostnaðaráætlun er ekki birt í opinberri útgáfu skýrslunnar vegna hagsmuna í útboðsferli.